



## Umsögn Öryrkjabandalags Íslands varðandi 22. og 23. gr. frumvarps til stjórnskipunarlaganna miðvikudag 28. nóvember kl. 10.00

Öryrkjabandalag Ísland lýsir ánægju sinni yfir að þau réttindi sem þegar eru í samningum um mannréttinid Sameinuðu þjóðanna eru sett í stjórnskipunarlæg íslenska ríkisins.

ÖBÍ telur að rétt væri að bæta inn orðinu viðunandi eins og gert er í Samningu SP um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og í 28. gr. samningi um rétt fatlaðs fólks, sem vonandi verður lögfestur sem fyrst.

### Sjá:

Samningur SP um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi var fullgiltur 22. ágúst 1979 og því þjóðréttarlega bindandi fyrir íslenska ríkið, enn ekki verið lögtekin héraendis.

11. grein.

Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum viðurkenna rétt sérhvers manns til viðunandi lífsafkomu fyrir hann sjálfan og fjölskyldu hans, þar á meðal viðunandi fæðis, klæðis og húsnæðis og sífellt batnandi lífsskilyrða....

Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks (SRFF), sem undirritaður var 30. mars 2007 og skal samkvæmt framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðra verða „...löggiltur á vorþingi 2013.“

28. gr.

Viðunandi lífskjör og félagsleg vernd.

1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks og fjölskyldna þess til viðunandi lífskjara því til handa, m.a. viðunandi fæðis og klæða og fullnægjandi húsnæðis, og til sífellt batnandi lífsskilyrða og skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja og stuðla að því að þessi réttur verði að veruleika án mismununar vegna fötlunar.

2. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til félagslegrar verndar og til þess að njóta þess réttar án mismununar vegna fötlunar og skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja og stuðla að því að þessi réttur verði að veruleika, m.a. ráðstafanir:

a) til þess að tryggja fötluðu fólki jafnan rétt til aðgangs að hreinu vatni og að tryggja aðgang að viðeigandi þjónustu, tækjabúnaði og annarri aðstoð gegn viðráðanlegu gjaldi vegna þarfa sem tengjast fötlun,

b) til þess að tryggja fötluðu fólki, einkum fötluðum konum og stúlkum og fötluðu eldra fólki, rétt til þátttöku í áætlunum á sviði félagslegrar verndar og áætlunum um að draga úr fátækt,

c) til þess að tryggja fötluðu fólki og fjölskyldum þess, sem lifa í fátækt, aðgang að aðstoð frá hinu opinbera til þess að mæta útgjöldum vegna fötlunar, þ.m.t. útgjöld vegna viðeigandi þjálfunar, ráðgjafar, aðstoðar í fjármálum og hvíldarumönnunar,

d) til þess að tryggja fötluðu fólki aðgang að áætlunum um byggingu húsnæðis á vegum hins opinbera,

e) til þess að tryggja fötluðu fólki jafnan aðgang að eftirlaunum og eftirlaunasjóðum.